



Stjórnarfundur haldinn 4. sept 2003 kl:18:00

Mættir: Einar, Kári, Þórður, Sigurvin, Birgir, Guðjón, Sveinn og Bjarney.

1. Fundargerð síðasta fundar lá frammi.

Engar athugasemdir.

2. Innkomin bréf.

Svarbréf frá UMFÍ v/bréfs frá aðalstjórn og badmintondeildar um að badminton sé ekki keppnisgrein á unglingslandsmóti á Ísafirði 2003.

Bréf frá UMFÍ v/umsóknar um að taka að sér undirbúning og framkvæmd 25. Landsmóts 2007 og 26. Landsmóts 2009.

Bréf frá UMFÍ v/43. sambandsþings UMFÍ 18.-19. okt 2003 á Sauðárkróki. Keflavík á átta fulltrúa á þingið.

Bréf frá ÍSÍ v/tryggingarmála íþróttafólks 16 ára og eldri. ÍSÍ og heilbrigðisráðuneitið hafa gert með sér samning varðandi þessar greiðslur. Bréfið einnig sent til allra deilda frá ÍSÍ.

3. Send bréf.

Bréf sett í hólfi deilda vegna þátttöku á 17. júní 2003.

4. 43. þing UMFÍ á Sauðárkróki 18.-19. okt 2003.

43. sambandsþing UMFÍ 18.-19. okt 2003 á Sauðárkróki. Keflavík á átta fulltrúa á þingið.

5. Íþrótt- og leikjaskóli Keflavíkur '03.

Framkvæmdastjóri sagði frá því að hann hefði farið á fund MÍT og skilað skýrslu íþrótt- og leikjaskólans. MÍT þakkaði fyrir góða skýrslu.

6. Útdeiling á fjármagni til deilda samkvæmt tillögu aðalfundar í febrúar.

Framkvæmdastjóri lagði fram skiptingu milli deilda sem miðað er við iðkendafjölda hverjar deildar. Ákveðið að úthluta hverri deild sinn hlut á næsta formannafundi sem haldinn verður 22. sept 2003.

7. Formannafundur.

Ákveðið að boða til formannafundar 22. sept kl. 20:00 í félagsheimili félagsins að Hringbraut 108. Framkvæmdastjóra, varaformanni og gjaldkera falið að koma saman dagskrá fundarins.



frh.

8. Önnur mál.

Tímatafla fyrir úthlutun á tímum í Heiðarskóla, Myllubakkaskóla og íþróttahúsinu við Sunnubraut eru tilbúnar og hafa deildir fengið eintak.

Stefán Jónsson færði félaginu málverk af félagshimilinu að gjöf í þakklætisskyni fyrir aðstöðuna þegar hann hélt sína fyrstu einkasýningu, en hún var haldin í félagsheimili okkar. Aðalstjórn þakkar Stefáni Jónssyni kærlega fyrir rausnarlega göf.

Helgi Hólm færði félaginu til varðveislu gögn frá ÍK.

Ingvar Róbert færði félaginu gamlar myndir til varðveislu.

Fleira ekki gert fundi slitið kl. 20:15.